

## 1155. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 14.12 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.**

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þorsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Áður en gengið var til fundarstarfa, samkvæmt dagskrá, afhenti Ólafía Björk þeim Sigmundi og Helgu afmælisgjafir frá félaginu í tilefni stórafmæla þeirra nýverið og var afmælisbörnunum síðan fagnað með lófataki og afmælisöng.

Þá afhenti Ólafía Björk einnig öllum stjórnarmönnum jólagjöf frá félaginu með ósk um gleðileg jól og þökk fyrir störf þeirra á árinu sem nú er að líða.

### Dagskrá:

- 1. Fundargerð 1154. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**  
Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1154. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

- 2. Kjaramál**

Ólafía Björk reifaði gang mála í samningaviðræðum grunnskólakennara sem nú hefur endað með því að þeir samþykktu samninginn en hann gildir til nóvember 2017 og reiknast um 11% hækkun launa.

Sömu sögu er ekki að segja af sjómönnum sem hafa með yfirgnæfandi meirihluti hafnað samningi og hefst hjá þeim verkfall kl. 20:00 í kvöld.

Ólafía Björk sagðist hafa farið á fund fjárlaganefndar Alþingis með Sigurði Bessasyni og Henný Hinz þar sem þau veittu umsögn um fjárlagafrumvarpið. Á þessum fundi gafst aðeins tími til þess að stikla á stóru en þau gerðu nokkrar athugasemdir t.d. varðandi vaxta- og bótakerfið. Einnig voru ræddar skerðingar varðandi húsnæðis- og heilbrigðismál sem búið var að lofa með öðrum hætti en nú birtist. Þá ræddu þau einnig almannatryggingakerfið og VIRK en einnig stöðu atvinnuleysistryggingasjóðs og þá hugmynd hvort færa mætti fé úr sjóðnum í fæðingarorlofssjóð.

Þá var farið yfir hinar ýmsu verðskrárhækkanir opinberra aðila s.s. sveitarfélaga og annarra sem virðast alltaf koma fram á þessum tíma og menn ekkert virst hafa lært af reynslunni.

Að öðru leiti sagði hún fundinn hafa verið nokkuð sérstakan og sumt sem þau vörpuðu fram hafi hlotið dræmar undirtektir.

Ólafía Björk ræddi þá næst nýja útgáfu af lagafrumvarpi er snýr að lífeyrissjóðsréttindum. Við viljum að það fari í gegn óbreytt frá því sem okkur var kynnt en ekki séu allir á því máli lengur og hafa sum opinber félög kallað eftir breytingum.

Umræður.

### 3. Rekstraráætlun VR 2017

Stefán lagði fram skjalið „*Rekstraráætlun VR 2.0*“ og fór yfir efni þess en þetta er í öllum aðalatriðum það sama og kynnt var á síðasta fundi utan smá breytinga þ.e.:

#### a. Breyting á framlagi í VR varasjóð.

Áætlað er að framlag vegna ársins 2016 verðir 785 m.kr. í stað 650 m.kr. en við það má búast við að útgreiðslur úr VR varasjóði aukist í 705 m.kr. úr 619,9 m.kr. eða um 85,4 m.kr. Félagið ætti þó vel að geta borið þessa hækkun nú vegna góðrar afkomu. Framlag kemur nú í fyrsta sinn úr félagssjóði 135 m.kr. Endanlega verður þetta svo til samþykktar á Aðalfundi VR í mars nk.

#### b. Breyting á kostnaði vegna kjarasamninga

Nú er gert ráð fyrir því að kjarasamningar muni losna á nýju ári og þá verður að gera ráð fyrir auknum kostnaði við ýmsar kynningar, auglýsingar, fundi og kosningar vegna kjarasamninganna og er það um 11 milljónir kr.

#### c. Breytingar milli deilda og hækkun dánarbóta

Síðan eru nokkrar minniháttar lagfæringar þar sem er um að ræða færslur milli deilda og tímabila en einnig er gert ráð fyrir að hækka dánarbætur félagsmanna samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR í gær. Þar er gert ráð fyrir að dánarbætur hækki úr 400þ. í 500þ. og hefur sjóðurinn vel efni á þeirri hækkun.

Umræður.

Undir þessum dagskrárlið ræddi Ólafía Björk fyrirspurn er barst á síðasta fundi um desemberuppbót á sjúkradagpeninga og kom fram í máli hennar að þeir sem fá sjúkradagpeninga fái hlutfallslega einnig greidda desemberuppbót þar sem hún er reiknuð inn í meðaltal launa sem greitt er eftir og margir eigi einnig rétt á hlutfallslegri greiðslu. Ekki verði því um að ræða að stilla upp sér greiðslu.

Ólafía Björk bar þá upp tillögu um hækkun dánarbóta úr 400.000 kr. í 500.000 kr. samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR.

Samþykkt samhljóða.

Lokst bar hún svo upp til samþykktar rekstraráætlun VR 2017 eins og hún hefur nú verið kynnt.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Skipan í kjörstjórn 2017

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Skipun í kjörstjórn VR 2017 – minnisblað*“ dags. 9. desember 2016. Kom fram í máli hennar að lagt væri til að kjörstjórn verði óbreytt frá því síðast og að þau hafi öll gefið vilyrði fyrir því að starfa áfram sé þess óskað en skipað er til eins árs í senn.

Því sé stungið uppá að stjórn VR skipi eftirfarandi í kjörstjórn VR fyrir árið 2017:

##### **Aðalmenn skipaðir af VR:**

Hjördís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra námsmanna erl.  
Þorsteinn Þórólfsson, Húsasmiðjan

##### **Varamenn:**

Þóra Skúladóttir Öfjörð, Vörubílastöðin Þróttur  
Jón Hrafn Guðjónsson, hjá Flugger

Í samræmi við 19. gr. laga VR er svo lagt til að leitað verði til ASÍ með að skipa einn aðmann og einn til vara í kjörstjórn VR.

Þá bar Ólafía Björk þessa ofangreindu tillögu um kjörstjórn upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Styrkumsókn frá Neytendasamtökunum

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Umsókn um styrk frá Neytendasamtökunum*“ dags. 8. nóvember 2016. Kemur þar m.a. fram að neytendastarf á Íslandi sé erfitt og þurfi samtökin að reiða sig á fjárstuðning frá ýmsum aðilum s.s. félagasamtökum. Sagði hún að VR hefði styrkt samtökin reglulega á síðustu árum og í áætlun nú sé gert ráð fyrir kr. 400 þús. í styrk til samtakanna og leggi hún til að samtökin verði styrkt um þá upphæð.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp tillögu um að Neytendasamtökunum verði greiddur styrkur að upphæð kr. 400 þús.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Styrkumsókn frá Hagsmunasamtökum heimilanna

Ólafía Björk lagði fram skjölin „*Hagsmunasamtök heimilanna styrkumsókn form VR*“ dags. 14. nóvember 2016 og „*Hagsmunasamtök heimilanna umsókn um styrk*“ dags. 26. október 2016. Samkvæmt umsókn sækja samtökin eftir styrk að upphæð 1 milljón kr. vegna kostnaðar við kvörtun til ESA vegna niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í máli samtakanna vegna framkvæmdar við verðtryggingu lána frá því í nóvember 2015.

Umræður.

Skömmu eftir að umræður hófust vék Ragnar Þór af fundi á meðan að umræður kláruðust og lýsti hann sig vanhæfan vegna tengsla við samtökin en hann situr í stjórn þeirra.

Í umræðum komu fram tillögur um að hafna styrk, styrkja samtökin um 400 þús. kr. og að styrkja þau um 500 þús. kr.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk fyrst upp hvort VR ætti að styrkja samtökin.

Nei sögðu 8 en já sögðu 7 og styrkumsókninni því hafnað.

Að lokinni atkvæðagreiðslu kom Ragnar Þór aftur til fundar.

## 7. Fjárfestingastefna VR

Stefán lagði fram skjölin „*Minnisblað um breytingar á fjárfestingastefnu VR*“ dags. 9. desember 2016 og „*Tillaga að breyttri fjárfestingastefnu VR*“ ódags. en efni þetta hafði hann áður kynnt á stjórnarfundi í október sl. Sagði Stefán þetta vera litlar breytingar og frekar íhaldssamar. Um 10 milljarðar kr. eru í sjóðum til stýringar eftir stefnunni og fór hann fyrst yfir núverandi stefnu en sagði svo frá tillögum að breytingum. Mesta breytingin er að sett er inn sérstök heimild fyrir fjárfestingu í sértryggðum skuldabréfum en óljóst hefur verið undir hvaða flokk slík verbréf hafa fallið í núverandi fjárfestingastefnu félagsins. Hér að neðan er gerð grein fyrir breytingum í hverjum flokki:

### Bankainnlán

Færð úr flokknum „Skuldabréf lánastofnana“ víxlar í þennan flokk. Vixlar eru í raun skammtímaverðbréf sem eru ekki til lengri tíma en 12 mánaða ekki mikil eðlismunur á víxlum og peningamarkaðsinnlánum. Því þykir rétt að hann sé í þessum flokki frekar en í Skuldabréf lánastofnana

### Ríkisskuldabréf

Engin breyting á þessum flokki.

### Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga

Stefnu breytt úr 0% í 1% fært í flokkinn Sértryggð skuldabréf.

#### Skuldabréf lánastofnana

Hámark lækkað úr 5% í 4% og stefna sett í 0% og fært í flokkinn Sértryggð skuldabréf. Í raun eru sértryggð skuldabréf áhættuminni heldur en skuldabréf lánastofnana þar sem þar er einnig undirliggjandi veð í fasteign en skuldabréf lánastofnana hefur almennt engin veð annað en lánastofnunina sjálfa.

#### Sértryggð skuldabréf (Fasteignaveðtryggð skuldabréf)

Heiti á flokk breytt úr Fasteignaveðtryggð skuldabréf í Sértryggð skuldabréf. Sértryggð skuldabréf ættu að vera áhættuminni þar sem safn skuldabréfa er undirliggjandi á meðan að hér gat verið undir stök skuldabréf. Auk þess eru sérstök lög um sértryggð skuldabréf um hvernig haldið er utanum slík verðbréf. Hámark á flokknum fært úr 3% í 10% og stefnan í 3%. Ljóst er að almenningur í landinu fjármagnar fasteignakaup í gegnum banka eða í lífeyrissjóði. Bankar selja síðan fasteignatryggð verðbréf eftir fyrirfram mótuðum reglum inn í sértryggð skuldabréfasöfn sem selja síðan verðbréf á markaði. Hagur almennings er að virkur markaður sé með sértryggð skuldabréf og sem mest samkeppni á milli aðila sem ætti að tryggja sem hagstæðust kjör á hverjum tíma. Í nánari lýsingu kemur fram að um sé að ræða sértryggð skuldabréf skráð í kauphöll skv. lögum nr. 11/2008.

#### Skuldabréf fyrirtækja

Lýsingu breytt tekið út víxlar og sett að um skráð skuldabréf þurfi að vera að ræða. Verið að auka kröfur um skráð verðbréf og að ekki sé heimilt að kaupa víxla á fyrirtæki.

#### Aðrar fjárfestingar.

Lagatílvísun breytt vegna breytinga á lögum nr. 159/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

#### Innlend hlutabréf

Engin breyting á þessum flokki.

#### Erlend ríkisskuldabréf og bankainnlán

Stefna lækkuð úr 2% í 1% Bætt við í flokkinn bankainnlán. Ljós er að alltaf gætu legið lausir fjármunir erlendis sem þurfi þá að liggja inná bankareikningum. Viðmiðunarvísitölu breytt. Erfitt var að nálgast nógildandi viðmiðunarvísitölu og sett inn Bloomberg vísitala sem er mun aðgengilegri en þjónar sama tilgangi og eldri vísitala.

#### Erlend hlutabréf

Viðmiðunarvísitala skýrð betur þannig að sett er inn nákvæmlega hvaða vísitölu skal miða við.

Að lokum er settur inn nýr texti:

„Við inngreiðslu í VR varasjóð er heimilt að hámark í flokknum „Bankainnlán“ fari tímabundið umfram 25% hámarkið. Undanþága þessi á eingöngu við það safn sem heldur utanum fjármuni VR varasjóðs.“

Greitt er inn í VR varasjóð með peningum og því getur safn VR varasjóðs farið tímabundið yfir 25% hámark sem er heimilt að hafa í bankainnlánum. Rétt þykir því að veitt sé tímabundin undanþága í fjárfestingastefnunni þegar slíkt gerist.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk þessar breytingar á fjárfestingastefnu VR upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Fjárfestingastefna VR er því þannig í heild sinni eftir samþykktar breytingar:

### **„Fjárfestingastefna eignastýringarsafna VR**

VR var stofnað árið 1891 af launþegum og atvinnurekendum í verslunarstétt sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og varð hreint launþegafélag 28. febrúar 1955. Tilgangur VR er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna.

Fjárfestingastefna þessi gildir um eftirfarandi sjóði VR:

1. Félagssjóð
2. Sjúkrasjóð
3. Varasjóð
4. Orlofssjóð
5. Vinnudeilusjóð

Markmið VR með ávöxtun sjóða er að tryggja að ávöxtun fjármuna félagsmanna VR beri jafna og örugga ávöxtun með tilliti til fjárfestingastefnu eins og hún er á hverjum tíma.

Ávöxtun fjármuna VR skal taka mið af varkárni og skal meginhluti fjárfestinga eignastýringarsafns VR vera í verðbréfum sem hlotið hafa opinbera skráningu á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og ríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opin almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Haga skal ráðstöfun eigna í verðbréfum þannig að samspil ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast.

Fjárfestinga-kostur	Lágmark %	Hámark %	Viðmiðsvísitala	Stefna %	Nánari lýsing eða takmarkanir
Bankainnlán	0	25	REIBID ON	0	Innlán, peningamarkaðsinnlán og víxlar hjá eftirlitsskyldum lánastofnunum
Ríkisskuldabréf	50	100	Nomxi Benchmark Bonds	79	Skuldabréf eða víxlar í íslenskum krónum með ábyrgð ríkissjóðs Íslands
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0	7	Gamma Corporate Bond Index	0	Skuldabréf eða víxlar í íslenskum krónum með ábyrgð bæjar- eða sveitarfélaga og skráð eru í kauphöll.
Skuldabréf lánastofnana	0	4	Gamma Corporate Bond Index	0	Skuldabréf í íslenskum krónum með ábyrgð banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana sem lúta opinberu eftirliti og skráð eru í kauphöll
Sértryggð skuldabréf	0	10	Gamma Covered bond Index	3	Sértryggð skuldabréf sbr. lög nr. 11/2008 sem skráð eru í kauphöll.
Skuldabréf fyrirtækja	0	5	Gamma Corporate Bond Index	0	Skuldabréf með ábyrgð fyrirtækja í íslenskum krónum skráð í kauphöll.
Aðrar fjárfestingar	0	2		0	Skráð verðbréf sem falla utan annarra flokka skv. sömu skilgreiningu og á við b-lið 6. tl. 36. gr. a laga nr. 129/1997
Innlend hlutabréf	0	10	Úrvalsvísitala aðallista með arðgreiðslum (nú OMXI8GI)	2	Hlutabréf fyrirtækja sem skráð eru á aðalmarkaði Nasdaq Iceland Kauphöllinni.
Erlend ríkisskuldabréf og bankainnlán	0	10	Bloomberg Global Developed Sovereign Bond Index (BGSV Index)	1	Skuldabréf eða víxlar í erlendum myntum með ríkisábyrgð og bankainnlán (Money Market Instruments)
Erlend hlutabréf	3	35	MSCI World Index Total Return (NDDUWI Index)	15	Hlutabréf í erlendum fyrirtækjum.

Við inngreiðslu í VR varasjóð er heimilt að hámark í flokknum „Bankainnlán“ fari tímabundið umfram 25% hámarkið. Undanþága þessi á eingöngu við það safn sem heldur utan um fjármuni VR varasjóðs.

Heimilt er að fjárfesta í verðbréfa-, fjárfestinga- eða fagfjárfestastjóðum þó með því skilyrði að verðbréfasafni að baki hlutdeildarskrteinum sjóða sé skipt á eignaflokka samkvæmt fjárfestingastefnu þessari.

Óheimilt er að fjárfesta í eignum öðrum en þeim sem tilgreindar eru hér að ofan.

Óheimilt er að selja eignir í erlendum myntum fyrir íslenskar krónur án þess að haft sé samráð við framkvæmdastjóra VR.

Eignastýrendum er óheimilt að taka lán eða fá verðbréf að láni í nafni VR og óheimilt er að fjárfesta eða eiga í fjárfestingasjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

Ef vafi leikur undir hvaða flokk fjárfestingar falla skal notast við sömu viðmiðanir og fram koma í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Fjárfestingastefna þessi var samþykkt af stjórn VR þann 8. apríl 2015, breytingar á stefnu samþykktar á stjórnarfundum VR 14. desember 2016.“

Að lokum óskaði Ólafía Björk fundarmönnum gleðilegra jóla og þakkaði fyrir samstarfið á árinu.

Fundi var slitið kl. 19:45  
Árni Leósson, fundarritari